

22% frá 1. júlí 1979 til 1. september 1979, 27% frá þeim degi til 1. desember 1979, 31% frá þeim degi til 1. júní 1980, 35% frá þeim degi til 17. október 1980, 46% frá þeim degi til 1. mars 1981, 42% frá þeim degi til 1. júní 1981, 39% frá þeim degi til dómsuppsögudags og með hæstu lögleyfðu innlánsvöxtum, eins og þeir eru ákveðnir á hverjum tíma, frá þeim degi til greiðsludags, og kr. 4.300.00 í málskostnað.

Viðurkenndur er sjóveðréttur í Birtingi, NK 119, til tryggingar dómkröfu þessari.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 15. nóvember 1982.

Nr. 74/1982. **Ákærvaldið**

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn

Guðmundi Böðvarssyni

(Páll A. Pálsson hrl.).

Ávana- og fíkniefni. Brot gegn lögum nr. 65/1974.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Ármann Snævarr og Halldór Þorbjörnsson.

Máli þessu er skotið til Hæstaréttar að ósk ákærða með stefnu 15. mars 1982. Af hálfu ákærvalds er gerð krafa um þyngingu refsingar.

Agrip barst Hæstarétti 15. f. m.

Rétt þykir að miða við, að hlutur ákærða af hassi því, sem Örn Sigfússon flutti til landsins (ákæruliður II), hafi verið 220 g að þyngd. Þá er þess að gæta, að héraðsdómur lætur þess ógetið, að ákærði sættist 4. júlí 1980 á greiðslu 200.000 króna (gkr.) sektar og missi ökuleyfis 12 mánuði fyrir ölvun við bifreiðarstjórn. Refsingu ákærða að því er varðar

I. ákærulið ber því að ákveða með hliðsjón af 78. gr. laga nr. 19/1940. Breyting sú, sem gerð var með lögum nr. 60/1980 á 1. mgr. 5. gr. laga nr. 65/1974, varðar eigi I. lið ákæru, en hins vegar voru brot þau, sem lýst er í ákæruliðum II—IV, framin eftir gildistöku laga þessara.

Með þessum athugasemdum ber að staðfesta niðurstöður héraðsdóms um sakarmat og færslu til refsíákvæða. Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 5 mánaða fangelsi, eins og í héraðsdómi segir, og auk þess 20.000.00 króna sekt til ríkissjóðs, og skal greiðslufrestur sektar vera 4 vikur frá birtingu dóms þessa, en vararefsing 60 daga fangelsi.

Staðfesta ber ákvæði hins áfrýjaða dóms um frádrátt gæsluvarðhaldsvistar frá refsingu og um sakarkostnað.

Ákærði verður dæmdur til þess að greiða áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar á meðal saksóknarlaun í ríkissjóð, 5.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, 5.000.00 krónur.

D ó m s o r ð :

Ákærði, Guðmundur Böðvarsson, sæti fangelsi 5 mánuði. Hann greiði einnig 20.000.00 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 60 daga fangelsi fyrir sektina, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um frádrátt gæsluvarðhaldsvistar frá refsingu og um greiðslu sakarkostnaðar eiga að vera öröskuð.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 5.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Páls Arnórs Páls-sonar hæstaréttarlögmanns, 5.000.00 krónur.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum 25. janúar 1982.

Ár 1982, mánudaginn 25. janúar, var háð dómþing sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum í húsakynnum dómsins að Hverfis-

götu 113, Reykjavík, af Þórði Þórðarsyni fulltrúa við undirritaða votta og þá upp kveðinn dómur í sakadómsmáli nr. 830/1981: Ákærvaldið gegn Guðmundi Böðvarssyni.

Málið, sem munnlega var flutt og dómtekið 19. þ. m., er höfðað af ríkissaksóknara með ákæru, dags. 17. sept. 1981, á hendur Guðmundi Böðvarssyni, þá til heimilis að Þingholtsstræti 23, Reykjavík, fæddum þar í borg 1. mars 1958, fyrir eftirtalin brot á fíkniefnalöggjöfinni:

„I.

Í mars/apríl 1980 keypt 440 grömm af hassi í Kaupmannahöfn. Áttu Sumarliði Óskar Arnórsson og Helga Gísladóttir hlut í kaup-unum. Ákærði fékk Höllu Sigrúnu Arnardóttur til að fara utan og flytja efnið heim gegn 10% efnispóknun. Halla Sigrún afhenti síðan efnið á heimili bróður hennar við Grundarstíg í Reykjavík. Komu í hennar hlut allt að liðlega 40 grömmum, í hlut nefnds Sumarliða Óskars og Helgu allt að 60 grömmum, og átti ákærði afganginn. Hann seldi síðan nefndum Sumarliða Óskari strax 15—17 grömm fyrir kr. 200.000.- og lánaði honum jafnframt 60—70 grömm. Seldi síðan ýmsum í júní og júlí allt að 200 grömmum með drjúgum hagnaði.

II.

Lagt fram allt að kr. 900.000.- til kaupa Arnar Sigfússonar á hassi í Malaga í júlí 1980. Örn keypti þar 1000 grömm af hass-dufti og flutti til landsins. Helminginn skildi hann eftir á Egils-stöðum, og voru þau 500 grömm alfarið í eigu Arnar. Fóru síðan skipti fram á heimili Arnar við Hverfisgötu í Reykjavík á hin-um helmingnum. Komu í hlut ákærða allt að 235 grömmum. Hann seldi síðan ýmsum af efninu með drjúgum hagnaði á allt að kr. 15.000.- hvert gramm.

III.

Átt þátt í ferð Báru Grímsdóttur til Kaupmannahafnar í byrjun ágúst 1980, þar sem hún keypti allt að 400 grömmum af hassi, sem kostaði 29—30 danskar krónur hvert gramm. Flutti hún efnið til landsins í byrjun ágúst fyrir 10% efnispóknun, og var því skipt á Urðarstíg 7 í Reykjavík. Komu í hlut ákærða allt að 120 grömmum. Seldi hann síðan ýmsum af efninu með drjúgum hagnaði á allt að kr. 15.000.- hvert gramm.

IV.

Lagt fram fé til hasskaupa nefndrar Báru og Kristjáns Einarsonar í Kaupmannahöfn um mánaðamótin ágúst september 1980. Auk þessara þriggja lögðu fram fé Helga Gísladóttir og Eggert Bjarni Arnórsson, en þau áttu einnig þátt í kaupum, sem lýst er í næsta lið hér á undan. Keyptu þau Bára og Kristján allt að 950 grömmum af ferns konar hassi, sem þau fluttu sinn helminginn hvort til landsins fyrir 10% efnisþóknun. Kostaði efnið d. kr. 27—34,5 hvert gramm. Við skiptingu efnisins að Urðarstíg 7 komu í hlut ákærða allt að 350 grömmum. Seldi hann síðan ýmsum af efninu með drjúgum hagnaði fyrir allt að kr. 15.000.- hvert gramm.

Af kaupendum efna samkvæmt hér að framan má nefna sem stærsta:

Páll Kolka Ísberg allt að 200 grömmum.
 Sigurður Jóhannsson allt að 150 grömmum.
 Ásbjörn Kr. Morthens rösklega 100 grömm.
 Ágúst Skarphéðinsson allt að 80 grömmum.
 Örn Sigfússon, óljóst hve mikið.
 Sumarliði Óskar Arnórsson, óljóst um magn.
 Einar Þór Agnarsson allt að 20 grömmum.“

Ofangreind háttsemi er í ákæruskjali talin varða við 2. gr., sbr. 5. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974, sbr. nú lög nr. 60/1980, 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna nr. 390/1974, sbr. 2. tl. 5. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er sakhæfur, en hann er sem áður greinir fæddur 1. mars 1958 í Reykjavík. Hann hefur sætt kærnum og refsingum sem hér segir:

1980 15/1 í Reykjavík: Ávana- og fíkn. Sátt: 410.000 kr. sekt fyrir brot gegn 2., sbr. 5. og 6. gr. laga nr. 65/1974 og 2., sbr. 10. gr. reglugerðar nr. 390/1974, sbr. 77. gr. hegningarlaga og að hluta 5. gr. sömu laga.

1980 28/1 í Reykjavík: Ávana- og fíkn. Sátt: 300.000 kr. sekt fyrir brot gegn 2., sbr. 5. og 6. gr. laga nr. 65/1974 og 2., sbr. 10. gr. reglugerðar nr. 390/1974, sbr. og 77. gr. hegningarlaga og 79. gr. sömu laga.

1980 4/7 í Reykjavík: Sátt, 200.000 kr. sekt fyrir brot gegn

25., 26. og 37. gr. umferðarlaga. Ökuleyfisvæðing
í 12 mán. frá 15/3 1980.

MÁLSATVIK.

Haustið 1980 hófst hér í dómi og samhliða hjá fíkniefnadeild lögreglu í Reykjavík umfangsmikil rannsókn á stórfelldum innflutningi fíkniefna hingað til lands, og voru margir aðilar viðriðnir málið. Einn grunaður var ákærði í máli þessu, en hann var af ýmsum aðiljum borinn sökum um innflutning og dreifingu kannabisefna.

Ákærði var handtekinn 2. október 1980 og bar hér í dómi af sér hvers konar sölu eða innflutning fíkniefna frá því í febrúar 1980, en viðurkenndi hins vegar, að svonefnd kannabisefni hefðu oft verið höfð um hönd á heimili sínu að Urðarstíg 7 undanfarna mánuði, en jafnan mjög lítið magn hverju sinni. Ákærði var hér í dómi daginn eftir úrskurðurinn í gæsluvarðhald í allt að 30 dögum, en hann gekk laus þann 1. nóvember 1980. Hér á eftir verður vikið að málsatvikum varðandi hvern ákærulið fyrir sig, en síðan verður í einu lagi raktir framburðir ætlaðra kaupenda fíkniefna af ákærða, þar sem oft er erfitt að ákvarða nákvæmar tímasetningar á viðskiptum og þannig, hvaða ákærulið þau varði.

I. ákæruliður.

Ákærði lýsti atvikum þennan ákærulið varðandi hér í dómi 25. og 30. október 1980 og hjá lögreglu 15. sama mánaðar, þá í gæsluvarðhaldi sem áður greinir.

Ákærði skýrði svo frá, að í mars það ár, eftir að hann losnaði úr gæsluvarðhaldi, hafi hann haldið til Kaupmannahafnar til hasskaupa. Hafi hann til farar haft 10.000 norskar kr., er hafi verið vinnulaun frá Noregi. Þá hafi Sumarliði Óskar Arnórsson og Helga Gísladóttir lagt fram gkr. 300.000.

Ákærði kvaðst í Kaupmannahöfn af sér ókunnum aðilja hafa keypt 440 gr af grænu Marokkóhassi. Ákærði kvaðst hafa samið við unga stúlku, Höllu Arnardóttur, um að hún hitti sig í Kaupmannahöfn og tæki þar við ofangreindu efni og flytti flugleiðis hingað til lands gegn 10% þóknun í hassi, en ákærði greitt allan kostnað af ferðinni. Hafi nefnd Halla síðan skv. ráðagerð flutt nefnd 440 gr af hassi flugleiðis hingað til lands og ákærði komið hingað 2—3 dögum seinna. Ákærði kvaðst þegar eftir komu hingað til lands hafa haldið á heimili bróður Höllu og þar hjá

henni mótttekið hassefnið að frádregnum liðlega 40 gr, sem hafi verið flutningsþóknun til nefndrar Höllu.

Varðandi ráðstöfun efnis kvaðst ákærði hafa afhent Sumarliða Óskari 60 gr vegna framlags hans og Helgu Gísladóttur, en Sumarliði jafnframt mótttekið 60—80 gr til endursölu gegn umsömdu skilaverði, gkr. 12.000, en Sumarliði ekki gert skil.

Loks kvaðst ákærði hafa selt Sumarliða af nefndu efni fyrir allt að gkr. 200.000—300.000, eða 15—17 gr. Ákærði kvaðst hafa selt ýmsum aðiljum af eftirstöðvum efnis og nafngreindi sem kaupendur Örn Sigfússon og sambýliskonu hans, er keypt hafi samtals um 20 gr, Kristján Einarsson hafi keypt um 10 gr og Bubbi Morthens 20 gr.

Ákærði var yfirheyrður hér í dómi 3. nóvember síðastliðinn eftir þingfestingu máls þessa og kvað þá játningar sínar við rannsókn málsins réttar, en kvað þær þó fengnar fram með „þvingunum, hótunum og þrýstingi og leiðandi yfirheyrslum“, en rökstuddi þó ekki frekar þær fullyrðingar sínar. Gerði ákærði þá athugasemd varðandi I. ákærulið, að hann vefengdi, að umrætt efni hafi verið fíkniefni, og kvað framburð sinn um efnismagn ágiskun, „enda ákærði við kaupin verið ódómbær sakir áfengisneyslu.“

Sumarliði Óskar Arnórsson, fæddur 26. nóvember 1952, var yfirheyrður um ofangreint hér í dómi 2. október 1980 og hjá lögreglu daginn áður. Framburður Sumarliða er efnislega samhljóða framburði ákærða, en þó rúmur og ónákvæmur. Kvað hann framlag sitt og Helgu Gísladóttur samtals gkr. 1.000.000 og Guðmund hafa keypt 200—300 gr af tyrknesku hassi, en þess utan eitthvað hassefni fyrir eigið fé. Sumarliði kvaðst síðar hafa mótttekið mestallt efnið til söludreifingar, en síðan átt að skila ákærða söluandvirði til Ólafsvíkur, en af því hafi þó ekki orðið, þar sem hann hafi ávaxtað fé í frekari hasskaupum, en féð síðan glatast.

Helga Gísladóttir, fædd 4. janúar 1958, þar hér í dómi 30. október 1980 að hafa lagt fé í ofangreinda hasskaupaferð ákærða ásamt Sumarliða Óskari, en kvaðst ekki muna upphæðir í því sambandi, en þau í sinn hlut fengið 40 gr af ljósgrænu Marokkóhassi. Þá hafi hún ásamt Sumarliða annast efnissölu fyrir ákærða og þau vegna hennar skuldað ákærða sem svaraði gkr. 1.000.000.

Halla Sigrún Arnardóttir, fædd 10. júlí 1963, var yfirheyrð hjá fíkniefnadeild lögreglu 27. október 1980 og hér í dómi 22. október 1981. Kvaðst hún í apríl—maí 1980 hafa skv. beiðni

ákærða flutt frá Kaupmannahöfn til Reykjavíkur 440 gr af hass-efnum og í þóknun fengið um 40 gr af efninu.

II. ákæruliður.

Ákærði var yfirheyrður um sakarefni, er í þessum ákærulið greinir, hjá fíkniefnadeild lögreglu í Reykjavík 15. október 1980 og hér í dómi 25. sama mánaðar.

Ákærði kvaðst hafa undirbúið og lagt fram mjög nærri gkr. 1.000.000 til utanfarar Arnar Sigfússonar í júlí 1980. Hafi nefndur Örn haldið til Spánar þann 20. júlí og þar keypt 450 gr af hassi og flutt hingað til lands 2—3 vikum seinna. Ákærði kvað Örn hafa komið flugleiðis til Kaupmannahafnar frá Spáni og flogið síðan til Færeyja, en þaðan með efni haldið sjóleiðis hingað til lands með m/s Smyrli og loks flugleiðis frá Egilsstöðum til Reykjavíkur. Ákærði kvað þá Örn hafa skipt ofangreindu efni til helminga og þannig í hlut ákærða komið 220 gr.

Ákærði kvaðst hafa selt sinn efnishlut ýmsum aðiljum á gkr. 14.000—15.000 hvert gramm. Ekki kvaðst ákærði geta sundurliðað dreifingu sína á þessu efni, en tilgreindi 9—10 aðilja sem kaupendur og mest fengið þeir Ágúst Skarphéðinsson, er fengið hafi 70 gr, Sigurður Jóhannsson 30 gr og Sumarliði Óskar áður-nefndur allt að 20 gr.

Ákærði kom hér fyrir dóm 3. nóvember síðastliðinn og gerði þá þær athugasemdir við ákæruskjal í heild, sem raktar voru undir ákærulið I, en varðandi þennan ákærulið þá tók ákærði fram eftirfarandi: „Vegna sameiginlegs fjárhags að vissu leyti við Örn Sigfússon telur ákærði sig hafa haldbærar upplýsingar um, að Örn hafi ekki komið með 1000 gr af hassdufti, heldur 500 gr. Í öðru lagi véfengir ákærði, að efni þetta hafi verið kannabis, en öllu heldur af sama toga og efni það, er gert var upptækt 1. september 1980 á Hótel Esju í Reykjavík.“

Örn Sigfússon, fæddur 26. júní 1958, var yfirheyrður hér í dómi 30. október 1980 og skýrði þá svo frá, að hann og ákærði hefðu sammælst um sameiginleg kaup á fíkniefnum og Örn haldið til Spánar í júlí það ár og þar í Malaga keypt um 500 gr af hassi og flutt hingað til lands um Kaupmannahöfn og Færeyjar. Hafi ákærði lagt fram gkr. 900.000 til fararinnar, en sjálfur kvaðst Örn hafa lagt til gkr. 700—800.000, en átt að fá 15—20% áhættu- og flutningsþóknun. Eftir komu til Reykjavíkur hafi þeir skipt efninu á heimili Arnar við Hverfisgötu í Reykjavík og í hlut ákærða komið 265 gr.

Örn var aftur yfirheyrður hér í dómi 7. nóvember 1980, og breytti hann þá framburði sínum á þá leið, að hann hefði alls í ofangreindri ferð keypt 1 kg af hassi, en hlutur Guðmundar verið sem áður segir 265 gr.

Nefndur Örn og ákærði voru ekki samprófaðir með tilliti til misræmis í framburðum þeirra við rannsókn málsins, en samprófun eftir þingfestingu þótti tilgangslaus.

III. ákæruliður.

Við yfirheyrslu hjá fíkniefnadeild lögreglu í Reykjavík 21. október 1980 skýrði ákærði frá aðild sinni að hasskaupaferð Báru Grímsdóttur til Kaupmannahafnar í byrjun ágúst 1980. Ákærði staðfesti framburð sinn hér í dómi 28. október sama ár. Ákærði kvað hér um samskotaferð hafa verið að ræða og ýmsir aðiljar lagt fram fé til kaupanna, en nefnd Bára auk efnis fyrir framlag átt að fá 10% af eignum í þóknun fyrir kaup og flutning. Ekki kvaðst ákærði geta fullyrt um framlag frá hverjum og einum, en ásamt öðrum hluthöfum hafa verið viðstaddur, er efni voru vegin og þeim skipt að Urðarstíg 7 hér í borg eftir heimkomu Báru. Alls hafi Bára komið með 400 gr af hassi. Ákærði kvað skiptingu efna hafa orðið sem hér segir: 1) Hlutur ákærða 100—120 gr. 2) Helga Gísladóttir 100—120 gr. 3) Eggert Bjarni Arnórsson 60—70 gr. 4) Bára Grímsdóttir um 90 gr með flutningsþóknun, er verið hafi 40 gr.

Varðandi ráðstöfun síns efnishlutar þá kvaðst ákærði hafa selt hvert gramm á allt að gkr. 15.000 og sem hér segir: 1) Sigurður Jóhannsson allt að 20 gr. 2) Sumarliði Óskar Arnórsson allt að 20—30 gr. 3) Örn Sigfússon allt að 20—30 gr. 4) Ágúst Skarphéðinsson 20 gr. Auk þess hafi eflaust verið um ýmsa smákaupendur að ræða.

Er ákærði kom hér fyrir dóm 3. nóvember síðastliðinn, gerði hann þær athugasemdir við ákæruskjal í heild, sem raktar voru varðandi I. ákærulið, en gerði enga sérstaka athugasemd við þennan ákærulið.

Bára Grímsdóttir, fædd 24. apríl 1960, var yfirheyrð hjá lögreglu í Reykjavík og hér í dómi 3. nóvember 1980. Kvaðst hún í byrjun ágúst 1980 hafa móttengið ótilgreinda fjárhæð úr höndum ákærða til hasskaupa í Kaupmannahöfn. Hún hafi síðan haldið til Kaupmannahafnar flugleiðis og þar keypt nærri 370 gr af Líbanonhassi á danskar kr. 29—30 hvert gramm og síðan flutt hingað til lands og afhent Helgu Gísladóttur. Ekki kvaðst

Bára vita um afdrif efna eða skiptingu, utan hvað hún hafi fengið umsamin 10%, eða tæp 40 gr, af hassinu sem flutningsþóknun.

Helga Gísladóttir, fædd 4. jan. 1958, var yfirheyrð hér í dómi 1. nóvember 1980 og bar að mestu á sama veg og ákærði um ofangreint, en kvað Báru hafa keypt um 370 gr. Kvað hún í sinn hlut hafa komið 60 gr, Eggert Bjarni áður nefndur fengið sama magn, Bára Grímsdóttir 40 gr sem flutningsþóknun og eitthvað til viðbótar vegna framlags, en ákærði fengið eftirstöðvar efna. Þá hafi ákærði annast sölu á 20 gr af efnishlut sínum.

Eggert Bjarni Arnórsson, fæddur 13. september 1954, var yfirheyrður hér í dómi 4. nóvember síðastliðinn, en hann var erlendis, er rannsókn máls þessa fór fram. Neitaði hann þá alfarið að tjá sig um ofangreint.

IV. ákæruliður.

Ákærði lýsti hér í dómi 28. október 1980 utanför Báru Grímsdóttur og Kristjáns Einarssonar til Kaupmannahafnar um mánadámót ágúst—september 1980. Ákærði kvað auk þeirra Báru og Kristjáns sömu aðilja hafa lagt fram fé til þessarar ferðar og þeirrar síðustu. Hafi þau keypt samtals 900 gr og flutt hvort um sig helming efna hingað til lands. Ákærði kvaðst hafa annast skiptingu efna og reiknað hlut hvers framlags aðilja út frá peningaframlagi, en skiptingin farið fram á heimili Helgu að Urðarstíg.

Ákærði kvað skiptingu efna hafa verið sem hér segir:

- 1) Eggert Bjarni Arnórsson um 100 gr.
- 2) Helga Gísladóttir 200—250 gr.
- 3) Bára Grímsdóttir 120—130 gr, flutningsþóknun meðtalin.
- 4) Kristján Einarsson um 60 gr, þar af 40 gr flutningsþóknun.
- 5) Ákærði 350 gr, sem hafi verið um 100 gr minna en hann hafi reiknað með og talið sig eiga að fá miðað við, að heildarmagn væri 900 gr.

Varðandi ráðstöfun ofangreindra 350 gr kvaðst ákærði lítið muna sundurgreint, en þó muna, að Páll Ísberg hafi keypt samtals 50—60 gr úr þessari ferð, en áður samtals keypt mjög nærri 100 gr. Þá hafi Örn Sigfússon, Sigurður Jóhannsson og Sumarliði Óskar Arnórsson í mörgum smáum afhendingum fengið af þessu efni óvisst magn, en þess utan ýmsir aðiljar keypt smáræði.

Er ákærði kom hér fyrir dóm 3. nóvember síðastliðinn, gerði hann athugasemdir við þennan ákærulið, en hér þykir nægja að

geta þess, að hann mótmælti orðalaginu drjúgur hagnaður í ákæruskjali.

Eggert Bjarni Arnórsson var erlendis, er rannsókn máls þessa fór fram, en er hann kom hér fyrir dóm 4. nóvember síðastliðinn, neitaði hann að tjá sig um ofangreint.

Bára Grímsdóttir var yfirheyrð hér í dómi 3. nóvember 1980 og bar þá á sama veg og ákærði um ofangreint, en kvað keypt efnismagn 800—900 gr og kaupverð danskar kr. 27—34.50 pr. gr, en efni af fjórum mismunandi tegundum.

Kristján Einarsson, fæddur 23. mars 1959, bar við lögreglu-yfirheyrslu efnislega á sama veg og ákærði og nefnd Bára um ofangreint.

Helga Gísladóttir var yfirheyrð hér í dómi 1. nóvember 1980 og bar þá í grófum dráttum á sama veg og ákærði um ofangreint, en kvaðst ekkert vita um heildarefnismagn eða skiptingu efna.

Hér verður nú í örstuttu máli vikið að framburðum helstu ætlaðra kaupenda efna af ákærða:

Áðurnefndur Örn Sigfússon bar í nefndu þinghaldi 30. október 1980 að hafa öðru hverju þá um sumarið keypt lítillræði af ýms-um hasstegundum af ákærða, en ekki geta með neinu móti áætlað heildarmagn, en stærst einstök afhending verið 10 grömm.

Helga Gísladóttir bar hér í dómi 30. október 1980 að hafa í júlí 1980 keypt 100 grömm af hassi af ákærða.

Sigurður Jóhannsson, fæddur 2. október 1950, bar hér í dómi 26. september 1980 að hafa keypt allt að 150 grömmum af hassi af ákærða á 12.500—15.000 gkr. hvert gramm sumarið 1980.

Kristján Einarsson, fæddur 23. mars 1959, bar hjá lögreglu 3. október 1980 að hafa keypt 10—15 grömm af Marokkóhassi af ákærða í byrjun júní 1980.

Ágúst Skarphéðinsson var yfirheyrður hjá lögreglu í Reykjavík 15 og 18. október 1980 og bar að hafa keypt samtals 78 grömm af hassi af ákærða sumarið 1980.

Ásbjörn Kristinn Morthens, fæddur 6. júní 1956, bar við yfirheyrslu hjá lögreglu í Reykjavík 27. október 1980 að hafa keypt 10—15 grömm af hassi af ákærða í mars—apríl það ár, í maí—júní sama ár 30—40 grömm til viðbótar, 10—11 grömm í júlí sama ár og loks í ágúst sama ár 70 grömm.

Páll Kolka Ísberg, Tómasarhaga 11 hér í borg, bar við yfirheyrslu hjá lögreglu í Reykjavík 29. október 1980 að hafa sumarið 1980 keypt samtals um 200 grömm af hassi af ákærða.

Einar Þór Agnarsson, fæddur 15. september 1960, var yfir-

heyrður hjá lögreglu í Reykjavík 3. nóvember 1980 og bar þá að hafa keypt samtals 20 grömm af ákærða á gkr. 15.000 hvert gramm tímabilið ágúst—sept. það ár.

NIÐURSTÖÐUR.

I. ákæruliður.

Sannað þykir með játningu ákærða, sem efnislega er studd framburðum þeirra Helgu Gísladóttur, Sumarliða Óskars Arnórssonar, Höllu Sigrúnar Arnardóttur og nafngreindra kaupenda, að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi, er í þessum ákærulið réttilega greinir, nánar í mars—apríl 1980 keypt 440 grömm af hassi í Kaupmannahöfn. Áttu Sumarliði Óskar Arnórsson og Helga Gísladóttir hlut í kaupunum. Ákærði fékk Höllu Sigrúnu Arnardóttur til að fara utan og flytja efnið heim gegn 10% efnisþóknun. Halla Sigrún afhenti síðan efnið á heimili bróður hennar við Grundarstíg í Reykjavík. Komu í hennar hlut allt að liðlega 40 grömmum, í hlut nefnds Sumarliða Óskars og Helgu allt að 60 grömmum, og átti ákærði afganginn. Hann seldi síðan nefndum Sumarliða Óskari strax 15—17 grömm. Seldi síðan ýmsum í júní og júlí allt að 200 grömmum með drjúgum hagnaði.

Ekki þykir hér skipta neinu máli sú yfirlýsing ákærða hér í dómi 3. nóvember síðastliðinn, að efni það, er hér um ræðir, hafi ekki verið hass, enda sú fullyrðing í algerri þversögn við fyrri játningar ákærða og framburði annarra viðkomandi aðilja.

II. ákæruliður.

Ákærði hefur viðurkennt að hafa haft í frammi þá háttsemi, er í þessum ákærulið greinir og nánar að hafa lagt fram 900.000 gkr. til hasskaupa Arnar Sigfússonar í Malaga í júlí 1980, en Örn flutt efni hingað til lands og í hlut ákærða komið 235 gr. Skipting efna hafi síðan farið fram á heimili Arnar við Hverfisgötu í Reykjavík og í hlut ákærða komið allt að 235 gr, en hann selt ýmsum af efninu með hagnaði á allt að kr. 15.000 hvert gramm.

Játning ákærða er studd framburði nefnds Arnar Sigfússonar og nafngreindra kaupenda. Hins vegar þykir ekki í máli þessu rétt að taka afstöðu til þess, hvert efnismagn nefndur Örn keypti í umrætt sinn. Varðandi fullyrðingu ákærða um, að efni það, sem hér um ræðir, hafi ekki verið hass, vísast til þess, er sagt var í niðurstöðum varðandi I. ákærulið.

III. ákæruliður.

Ákærði hefur viðurkennt alla þá háttsemi, er í þessum ákærulið greinir, og er játning ákærða studd framburðum annarra viðkomandi aðilja. Þó þykir hér rétt að leggja til grundvallar, að efnismagn hafi verið 370 gr. Þykir samkvæmt ofansögðu sannað, að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi, er í þessum ákærulið greinir, með ofangreindri athugasemd um efnismagn, nánar átt þátt í ferð Báru Grímsdóttur til Kaupmannahafnar í byrjun ágúst 1980, þar sem hún keypti 370 gr af hassi, sem kostaði 29—30 danskar krónur hvert gramm. Flutti hún efnið til landsins í byrjun ágúst fyrir 10% efnisþóknun, og var því skipt á Urðarstíg 7 í Reykjavík. Komu í hlut ákærða allt að 120 grömmum. Seldi hann síðan ýmsum af efninu með drjúgum hagnaði á allt að kr. 15.000 hvert gramm.

Ekkert í framburði ákærða eða annarra viðkomandi aðilja styður efasemdir verjanda um, að efni það, sem hér um ræðir, hafi verið hass.

IV. ákæruliður.

Með hliðsjón af framburði ákærða og Báru Grímsdóttur þykir hér varlegast að miða við, að efnismagn hafi verið 850 grömm. Að öðru leyti þykir sannað með játningu ákærða, sem studd er framburðum þeirra Helgu Gísladóttur, Kristjáns Einarssonar, Báru Grímsdóttur og nafngreindra kaupenda, að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi, er í þessum ákærulið greinir, nánar lagt fram fé til hasskaupa nefndrar Báru og Kristjáns Einarssonar í Kaupmannahöfn um mánaðamótin ágúst september 1980. Auk þessara þriggja lögðu fram fé Helga Gísladóttir og Eggert Bjarni Arnórsson, en þau áttu einnig þátt í kaupum, sem lýst er í næsta lið hér á undan. Keyptu þau Bára og Kristján allt að 850 grömmum af ferns konar hassi, sem þau fluttu sinn helminginn hvort til landsins fyrir 10% efnisþóknun. Kostaði efnið danskar kr. 27—34.50 hvert gramm. Við skiptingu efnisins að Urðarstíg 7 komu í hlut ákærða allt að 350 grömmum. Seldi hann síðan ýmsum af efninu með drjúgum hagnaði fyrir allt að kr. 15.000 hvert gramm.

Um fullyrðingu ákærða í þinghaldi 3. nóvember sl. vísast til þess, er segir í niðurstöðu við I. ákærulið.

Kaupendur þeir, sem tilgreindir eru í niðurlagi ákæruskjals, hafa gengist við þar greindum viðskiptum við ákærða og því

gengið út frá því, að viðskipti þeirra við ákærða hafi verið sem þar segir og þeir þannig keypt af ákærða:

Páll Kolka Ísberg allt að 200 grömmum.

Sigurður Jóhannsson allt að 150 grömmum.

Ásbjörn Kr. Morthens rösklega 100 grömm.

Ágúst Skarphéðinsson allt að 80 grömmum.

Örn Sigfússon, óljóst hve mikið.

Sumarliði Óskar Arnórsson, óljóst um magn.

Einar Þór Agnarsson allt að 20 grömmum.

Ofangreind háttsemi er í ákæruskjali réttilega talin varða við 2. gr., sbr. 5. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974, sbr. nú lög nr. 60/1980, 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna nr. 390/1974, hins vegar þykir tilvísun til 2. tl. 5. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940 ofaukið.

Hefur ákærði samkvæmt ofansögðu unnið til refsingar.

Samkvæmt ofansögðu ber að tiltaka refsingu ákærða með hliðsjón af 77. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærði hefur áður hlotið refsingu fyrir brot gegn fíkniefnalöggjöf og nánar sem hér segir:

1980 15/1 í Reykjavík: Ávana- og fíkn. Sátt, 410.000 kr. sekt fyrir brot gegn 2., sbr. 5. og 6. gr. laga nr. 65/1974 og 2., sbr. 10. gr. reglugerðar nr. 390/1974, sbr. 77. gr. hegningarlaga og að hluta 5. gr. sömu laga.

1980 28/1 í Reykjavík: Ávana- og fíkn. Sátt: 300.000 kr. sekt fyrir brot gegn 2., sbr. 5. og 6. gr. laga nr. 65/1974 og 2., sbr. 10. gr. reglugerðar nr. 390/1974, sbr. og 77. gr. hegningarlaga og 79. gr. sömu laga.

Ber því að tiltaka refsingu ákærða með hliðsjón af 5. tl. 1. mgr. 70. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940.

Að öllu ofanskráðu athuguðu og virtu þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í 5 mánuði, en jafnframt með vísan til 2. mgr. 49. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940 fésekt að upphæð kr. 15.000.00, þar sem ákærði hafði hagnað af sölu fíkniefna.

Komi 60 daga fangelsi í sektar stað, verði hún eigi greidd innan 3ja vikna frá birtingu dóms þessa.

Þá þykir með vísan til 76. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940 rétt, að ofangreindri refsivist til frádráttar komi gæsluvarðhaldsvist ákærða við rannsókn máls þessa, eða 30 dagar.

Samkvæmt ofangreindu og með vísan til 141. gr. laga nr. 74/1974 ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar

af kr. 2.500.00 til skipaðs verjanda, Páls A. Pálssonar hæstaréttarlögmanns.

Dómsorð:

Ákærði, Guðmundur Böðvarsson, fæddur 1. mars 1958, sæti fangelsi í 5 mánuði og greiði kr. 15.000.00 í fésekt til ríkissjóðs.

Komi 60 daga fangelsi í sektar stað, verði hún eigi greidd innan 3ja vikna frá birtingu dóms þessa, en refsivist til frádráttar komi 30 daga gæsluvarðhald.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar af kr. 2.500.00 til skipaðs verjanda, Páls A. Pálssonar hæstaréttarlögmanns.

Miðvikudaginn 17. nóvember 1982.

Nr. 25/1980. **Anton Erlendsson**
 (Brynjólfur Kjartansson hrl.)
 gegn
 Sigfúsi J. Johnsen
 og gagnsök
 (sjálfur).

Fasteignakaup. Gallar. Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús P. Torfason, Björn Sveinbjörnsson, Magnús Thoroddsen og Guðmundur Jónsson og Guðrún Erlendsdóttir, settir hæstaréttardómarar.

Aðaláfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 29. febrúar 1980. Hann gerir þær dómkröfur **aðallega**, að hann verði sýknaður af öllum kröfum gagnáfrýjanda. Til vara krefst aðaláfrýjandi þess, að gagnkröfu hans að fjárhæð 900.00 krónur verði skuldafafnað við kröfur gagn-